

Vanmerktir ofnæmis- eða óþolsvaldar í sósum frá Rana

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis varar neytendur með ofnæmi og óþol við neyslu á neðangreindum pestó og sósum frá Giovanni Rana. Varan kann að innihalda eftirfarandi ofnæmisvalda, skelfisk-, fisk-, hnetu- sellery- hveiti- bygg- og mjólkurofnæmi og -óþol, en um vanmerkingar er að ræða v. tungumáls.

Fyrirtækið Karl K. Karlsson - Bakkus ehf (Kalli K) hefur innkallað vörunar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Innköllunin á við allar lotur og best fyrir dagsetningar á neðangreindum vörum:

- Vörumerki: RANA
- Vöruheiti: Rana Pesto, Rana sveppasósa, Rana ostasósa
- Framleiðandi: Giovanni Rana
- Innflytjandi: Karl K. Karlsson - Bakkus ehf
- Framleiðsluland: Ítalía
- Lotunúmer/best fyrir dagsetningar: Allar framleiðslulotur/dagsetningar
- Geymsluskilyrði: Kælivara

Tekið skal fram að varan er skaðlaus þeim sem ekki eru með ofnæmi. Þeir neytendur sem eiga umrædda vöru og eru með ofnæmi eða óþol fyrir ofangreindum ofnæmis-óþol völdum eru beðnir um að neyta hennar ekki og farga eða skila henni í verslunina þar sem hún var keypt.

Nánari upplýsingar veitir Kalli K í síma 5409000. Einnig er hægt að senda á netfangið; soludeild@kallik.is.

Athugið vegna Covid eru skrifstofur félagsins lokaðar fyrir heimsóknunum.

